

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Loðnuvinnsluna hf.*, kt. 581201-2650, til að reka fiskimjölsverksmiðju á Fáskrúðsfirði. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2014.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Vesturbyggð*, kt. 510694-2369, til að reka brennslustöð og urðunarstað á Patreksfirði. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. desember 2012.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir *Sorpsamlag Þingeyinga*, kt. 711001-2470, fyrir móttöku og meðhöndlun úrgangs í flokkunar- og böggunarstöð á Húsavík. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. desember 2012.

Hollustuvernd ríkisins, 19. desember 2002.

Davíð Egilson, settur forstjóri.

_____ *Helgi Jensson forstöðumaður.*